



## Fundargerð hreppsnefndar 20. mars 2014

**Hreppsnefndarfundur haldinn miðvikudaginn 20. mars 2014 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.**

Á fundinn voru mætt Bárður Jónasson, Ingvar B. Eðvarðsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir Guðrún Anna Guðnadóttir og Hafþór Róbertsson.

Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 5. mars sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 5. mars sl. Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 13. mars sl.

Lögð fram fundargerð bygginganefndar frá 13. mars sl.

Hreppsnefnda samþykkti fundargerðina fyrir sitt leyti, en vill áréttta varðandi 4. tl. fundargerðarinnar að ekki verði ráðist í framkvæmdir við girðingu við nýjan knattspyrnuvöll, fyrr en nýtt skipulag svæðisins liggur fyrir. Varðandi 3. tl. fundargerðarinnar sem fjallar um nýja samþykkt um bygginganefnd skal þess getið að um hana verður sérstaklega fjallað undir 6. tl. fundargerðar hreppsnefndar hér á eftir.

Fundargerð bygginganefndar að öðru leyti samþykkt samhljóða.

3. mál. Fundargerð fræðslunefndar frá 5. mars sl.

Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 5. mars sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Hreppsnefnd tekur undir að mikilvægt sé að ganga eins fljótt og auðið er til verka í úrbótum í atríðum, sem varða umferð í umhverfi skólanna.

Talsvert miklar umræður urðu að öðruleyti um fundargerðina og ábendingar sem fram eru settar í henni, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum varðandi hin mismunandi mál.

4. mál. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A- og B hluta fyrir árið 2013.

-Síðari umræða-. Á fundinn var áætlað að fulltrúi KPMG mætti. Ennfremur verður á fundinum lögð fram greinargerð sveitarstjóra með reikningnum.

Á fundinn var áætlað að fulltrúi KPMG mætti og gerði grein fyrir ársreikningnum og endurskoðunarskýrslu sinni. Sökum óveðurs og ófærðar komst hann ekki á fundinn. Fram kom að áætlað er að hann komi í staðinn á fund hreppsnefndar 3. apríl nk., þegar síðari umræða um ársreikninginn fer fram.

Lagður fram ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2013 fyrir A- og B- hluta sjóði, ásamt sundurliðunum. Jafnframt lögð fram endurskoðunarskýrsla endurskoðenda með ársreikningum 2013. Ennfremur lögð fram greinargerð sveitarstjóra með ársreikningum ársins 2013.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir framlögðum ársreikningi og fór yfir greinargerð sína með reikningunum, í henni segir meðal annars:

**Heildartekjur samstæðunnar allrar voru 824,7 m. kr., en heildarútgjöld hennar þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta að fjárhæð 50,2 m. kr., voru 698,6 m.kr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var því jákvæð í samstæðunni um 126,2 m.kr. Þegar aftur á móti tekið hefur**

**verið tillit til niðurstöðu fjármunagjalda, að fjárhæð 18,3 m.kr. í gjöld umfram tekjur kemur í ljós að samstæðan öll var rekin með 107,8 m. kr. hagnaði árið 2013.**

Hinn hefðbundni rekstur sveitarfélagsins, þ.e. laun og rekstrargjöld, hækkar um liðlega 27,1 % eða úr 509,9 m. kr. 2012 í 648,3 m.kr. árið 2013. Þessi mikla hækkun skýrist fyrst og fremst af því að sveitarfélagið tók á árinu við rekstri legudeildarinnar að Sundabúð af ríkinu. Kostnaður vegna þess er 125,5 m.kr. þ. a. þegar hann hefur verið dreginn frá hækka almenn rekstrargjöld um 2,5 %. Heildargjöld að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsgjalda/tekna hækka um 20,2 % eða úr 596,3 m.kr. 2012 í 716,8 m.kr. árið 2013. Sé rekstrarkostnaður vegna Sundabúðar, legudeildar dregin frá eru heildargjöld ársins 2013 591,3 m.kr., sem er lækkun um tæplega 1 %.

**Hagnaður samstæðunnar í heild breytist úr 72,5 m.kr. árið 2012 í 107,8 m.kr. hagnað árið 2013.**

Í samstæðunni í heild voru greidd niður lán að fjárhæð 50,2 m. kr. á árinu. Í nýjum sveitarstjórnarlögum, sem tóku gildi 1. janúar 2012 er lögð sú lína að hlutfall heildarskulda af tekjum megi ekki fara yfir 150 % og er sveitarfélögum gefinn 10 ára aðlögunartími til þess að ná því marki. Í ársreikningi 2013 er þetta skuldahlutfall 80,1 %. Annað viðmið sem sett hefur verið fram í reglugerð nr. 502/2012 er svokallað skuldaviðmið, sem er 76,0 % í ársreikningi 2013.

**Vopnafjarðarhreppur er því vel undir þeim viðmiðum sem sett eru fram í umgetinni reglugerð hvort heldur horft er til skuldahlutfalls eða skuldaviðmiðs eins og þau eru skilgreind.**

Engin ný lán voru tekin á árinu 2013 á móti afborgunum lána. Skuldir og skuldbindingar lækka í heild úr 674,9 m. kr. í 660,6 m.kr. eða um 14,3 m. kr.

**Í sjóðstreymi samstæðunnar kemur síðan fram að þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum, verðbótum -og gengismun, og skuldbindingum er veltufé frá rekstri jákvætt um 177,1 m.kr. og þegar tekið hefur verið til viðbótar tillit til breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum þá kemur fram að handbært fé frá rekstri er jákvætt um 193,4 m.kr., sem er 23,5 % af heildartekjum.**

Þetta fjármagn gengur síðan til greiðslu á fjárfestingum sem reyndust vera 175, 7 m. kr. og afborgunum lána og öðrum fjármögnunarahreyfingum að fjárhæð 57,3 m.kr.

**Að öllu þessu töldu kemur fram að handbært fé lækkar um 39,5 m.kr. og er í árslok 80,5 m.kr. en var í upphafi ársins 120 m. kr.**

Í framhaldi af yfirferð sinni lagði sveitarstjóri síðan til að ársreikningunum yrði vísað til síðari umræðu í sveitarstjórn, sem áætluð er 3. apríl nk.

Endurskoðandi KPMG, Magnús Jónsson, mun fara yfir ársreikningana og endurskoðunarskýrslu sína með ársreikningum sveitarfélagsins fyrir árið 2013 þann 3. apríl nk. sökum þess að honum tókst ekki á komast á fundinn í dag vegna óveðurs og ófærðar. Milli funda er hreppsnefndarmönnum velkomið að vera í sambandi við hann vakni einhverjar spurningar. Ennfremur er velkomið að vera í sambandi við sveitarstjóra, séu einhverjar fyrirspurnir, sem vakna.

Að yfirferð sveitarstjóra lokinni, þakkaði oddviti fyrir greinargóðar lýsingar varðandi framlögð gögn. Síðan fóru fram frekari umræður og fyrirspurnir þar sem sveitarstjóri svaraði framkomnum fyrirspurnum.

Að þessu loknu bar oddviti upp fyrirbyggjandi tillögu um að vísa ársreikningunum til síðari umræðu. Tillagan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

5. mál. Rekstur Sundabúðar legudeildar árið 2013.

Lagður fram ársreikningur Sundabúðar legudeildar fyrir árið 2013. Þar kemur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur og sjóðstreymi. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi reikningi. Samkvæmt rekstrarreikningi eru heildartekjur ársins 2013 117,8 m. kr. en heildargjöld 125,5 m.kr., þar af eru laun 99,9 m. kr. og almenn rekstrargjöld 25,6 m. kr. Rekstrarniðurstaða ársins var því neikvæð um liðlega 7,7 m. kr. Í sjóðstreymi fyrirtækisins kemur fram þegar tekið hefur

verið tillit til umgetinnar rekstrarniðurstöðu og breytinga á skammtímalíðum að Aaðalsjóður Vopnafjarðarhrepps hefur lagt úr rétt liðlega 8 m. kr. til þess að brúa reksturinn.

Gerð var grein fyrir því að kallað hefur verið eftir fundi með Heilbrigðisráðuneytinu til þess að fjalla um fyrirliggjandi rekstrarniðurstöðu og framhald rekstrar og jafnframt til þess að ræða ennfrekar títt rætt jafnlaunaáttak, sem fyrri ríkisstjórn boðaði með yfirlýsingu sinni frá 21. janúar 2013.

Samþykkt samhljóða með 7 atkv. Að- fela sveitarstjóra og oddvita að vinna áfram að framgangi þessara mála.

6. mál Drög að nýjum samþykktum um stjórn Vopnafjarðarhrepps.-Síðari umræða.- Jafnframt drög að samþykkt um afgreiðslu bygginganefndar. -Síðari umræða.-

Fjallað var um drög að þessum samþykktum á hreppsnefndarfundi 5. mars sl. Síðari umræða um nýjar samþykktir um stjórn Vopnafjarðarhrepps og samþykktir um afgreiðslu bygginganefndar fer því fram hér í dag.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á fyrirliggjandi drögum að samþykktum um stjórn Vopnafjarðarhrepps og lagði samþykktirnar svo breyttar fram til umræðu og samþykktar.

Í framhaldi gerði hann grein fyrir fyrirliggjandi samþykktum um afgreiðslu bygginganefndar hjá Vopnafjarðarhreppi.

Að yfirferð sinni lokinni lagði sveitarstjóri til að umræddar samþykktir yrðu samþykktar hér við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Í framhaldi fóru fram talsvert miklar umræður um fyrirliggjandi gögn þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum og gerðu smávægilegar lagfæringar sem voru færðar inn.

Að loknum umræðum voru fyrirliggjandi samþykktir, svo breyttar, bornar undir atkvæði til samræmis við fyrirliggjandi tillögu þar um.

Samþykkt um stjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkt samhljóða með 7 atkv.

Sveitarstjóra falið að senda hana til staðfestingar í Inanríkisráðuneytið og óska eftir að ráðuneytið auglýsi hana í B- deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt um afgreiðslur bygginganefndar hjá Vopnafjarðarhreppi samþykkt samhljóða með 7 atkv.

Sveitarstjóra falið að senda hana til staðfestingar í Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið og að samþykktirnar verði síðan auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda.

7. mál. Starfsáætlun Kaupvangs fyrir árið 2014 og ársskýrsla fyrir árið 2013.

Lögð fram starfsáætlun Kaupvangs fyrir árið 2014 og ársskýrsla fyrir árið 2013.

Gerð var grein fyrir fyrirliggjandi gögnum. Fram kom að unnið væri að nýjum samningi milli Menntamálaráðuneytisins og Vopnafjarðarhrepps um rekstrarframlög til starfseminnar. Fyrri samningur rann út um síðustu áramót.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna áfram að lúkningu slíks samnings.

8. mál. Hótel Tangi, áhugasamir aðilar, eftir auglýsingaferli.

Lagður fram listi um þá sem hafa lýst áhuga á að kaupa eða leigja Hótel Tanga í framhaldi af því að það var auglýst til sölu eða leigu.

Samkvæmt listanum hafa 7 aðilar líst yfir áhuga á málinu.

Lögð fram fundargerð Arnarvatns ehf. frá 19. mars sl., ásamt fylgigögnum. Í fundargerðinni er lögð til ákveðin aðferðafræði í næstu skrefum að sölu og eða leigu ferli eignarinnar. Gerð var grein fyrir málinu og hvernig stjórnin sér framgang mála fyrir sér.

Að viðræðum loknum samþykkti hreppsnefnd samhljóða að fara þá leið sem lögð er til í fundargerð Arnarvatns frá 19. mars sl. og fela fasteignasöluinni Inni að útfæra málið til samræmis við það.

Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

9. mál. Bréf starfsháttanefndar Austurbrúar ses. frá 24. feb. sl. varðandi tilnefningar í fagrað Austurbrúar.

Fagraðin eru 5 og var samþykkt að tilnefna fulltrúa með eftirfarandi hætti í þau: Nýsköpun og Þróun; Hafþór Róbertsson, Háskóla og rannsóknir; Else Möller, Símenntun; Ása Sigurðardóttir, Markaðs- og Ferðamál; Sigríður Bragadóttir og Menningarmál; Sigríður Dóra Sverrisdóttir.

Tilnefning þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkv.

10. mál. Byggðakvóti 2013/2014. Bréf Vopnafjarðarhrepps frá 11. mars sl. og bréf sjómanns móttekið 13. mars sl.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps frá 11. mars sl., varðandi úthlutunarreglur byggðakvóta 2013/2014. Jafnframt lagt fram bréf móttekið 13. mars sl., frá Jóni Svanssyni trillusjómanni varðandi málið.

Hreppsnefnd staðfestir samhljóða með 7 atkv. fyrri samþykkt sína um framlagðar úthlutunarreglur og telur ekki mögulegt að svo stöddu að óska eftir frekari breytingum á reglugerð nr. 665 frá 10 júlí 2013, sem um málið gildir.

11. mál. Bréf Langanesbyggðar varðandi styrk til byggingar fuglaskoðunarstaðar við Skoruvíkurbjörg.

Lagt fram bréf Langanesbyggðar varðandi styrk til byggingar fuglaskoðunarstaðar við Skoruvíkurbjarg.

Hreppsnefnd telur framkvæmd þessa allrar athygli verða og samþykkir að veita 50 þús. kr. styrk til verksins.

Afgreiðsla þessi var samþykkt með 3 atkv., gegn 1 atkv.

12. mál Bréf Vatnajökulspjóðgarðar frá 21 janúar sl., varðandi aðkomu sveitarfélagsins að upplýsingarmiðstöð í Möðrudal.

Lagt fram bréf dags. 24. janúar frá Vatnajökulspjóðgarði, þar sem óskað er eftir aðkomu tiltekina sveitarfélaga að upplýsingarmiðstöð, sem stofnsett yrði og opnaði vorið 2015 í Möðrudal.

Hreppsnefnd lýsir yfir áhuga á málefninu og telur hugmyndir þessar allrar athygli verðar.

Hreppsnefnd felur sveitarstjóra og oddvita að kanna málið frekar með tilliti til afstöðu annarra sveitarfélaga.

13. mál. Erindi fulltrúa menningararfs og ferðamála varðandi aðkomu sveitarfélagsins að hugsanlegri komu Seeds ungmenna til sveitarfélagsins, sem vinna mundu ýmis verkefni. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja matarkostnað vegna ungmennanna á dvalartímanum.

14. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð samgöngunefndar SSA frá 10. mars sl.

Lögð fram til kynningar.

b) Bréf Sambands ísl. Sveitarfélaga dags. 13. mars sl. Umsögn um lýsingu á landsskipulagsstefnu 2015-2026

Lagt fram til kynningar.

c) Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafn Austfirðinga frá 7. mars sl.

Lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð framkvæmdastjórnar Skólaskrifstofu Austurlands frá 6. mars sl.

Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.16